

Dagskrá:

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar, Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson.

Til stóð að Kristinn Bjarnason lögmaður sveitarfélagsins fundaði með sveitarstjórn undir dagskrárlíð 1. Flug féll niður frá Reykjavík til Egilsstaða og því komst Kristinn ekki á fundinn, en stefnt er á að hann komi á fyrsta fund sveitarstjórnar á nýju ári. Oddviti fór í stuttu máli yfir þau mál er fyrirhugað hafði verið að ræða við lögmanninn.

Samþykkt að dagskrá taki af þessum sökum breytingum, einnig var samþykkt að bæta við erindi undir 6. dagskrárlíð.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár

1. Skýrsla oddvita.

2. Drög að samkomulagi um lok samstarfssamnings um Hallormsstaðaskóla

3. Deiliskipulag Hengifoss, bréf Skipulagsstofnunar dags. 25.11 2015

4. Bréf

- a) Afrit af bréfi Fljótsdalshéraðs til stjórnar Minjasafns Austurlands dags. 23.11
- b) Afrit af bréfi Fljótsdalshéraðs til stjórnar Héraðsskjalasafns Austfirðinga dags. 23.11
- c) Helgi Hallgrímsson dags. 06.11
- d) Steingrímur Steinþórsson/Skrudda, dags. 29.11

5. Umhverfisstyrkir

- a) Hörður Guðmundsson, Víðivöllum ytri 1
- b) Þorvarður og Sólveig, Eyrarlandi
- c) Þórhallur Þorsteinsson, Hóli
- d) Friðrik I. Ingólfsson, Valþjófsstað 2
- 6. Jóhann Þórhallsson og Sigrún Ólafsdóttir
- e) Brekkugerði.

6. Fjárbeiðnir

- a) N4, að austan 2016
- b) Sóknarnefnd Valþjófsstaðakirkju
- c) Rauði krossinn, jólasjóður 2015
- d) Snorraverkefnið 2016
- e) ÚÍA

7. **Málefni Landsvirkjunar/Kárahnjúkavirkjun, fulltrúar LV mæta til fundar við sveitarstjórn .**

8. **Fjárhagsleg málefni**

9. **Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2016 og 2017-2019, síðari umræða.**

10. **Fundargerðir**

- a) Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs 19.11
- b) Framkvæmdastjórn Skólaskrifstofu Austurlands 13.10
- c) Stjórn Skólaskrifstofu Austurlands 06.11
- d) Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands 06.11
- e) ÆSA –klasinn 02.11 2015
- f) Minjasafn Austurlands 14.09
- g) Aðalfundur HAUST 28.10

11. **Önnur mál**

1. **Skýrsla oddvita.**

Oddviti sat fund um málefni Austurbrúar 19.11, aðal-og stjórnarfund Skólaskrifstofu Austurlands 06.11 og mætti á fund Samgöngunefndar SSA 26. 11 , í forföllum Lárusar. Hvorki aðal-né varafulltrúi Fljótsdalshrepps hafði tók á að mæta á aðalfund Héraðsskjalasafns Austfirðinga, sem haldinn var á Breiðdalsvík 25. 11

Náttúruverndarsamtök Austurlands hafa sótt um styrk til Umhverfisráðuneytisins til að vinna tillögu að tíu svæðum á Austurlandi þar sem endurheimta mætti ónýtt votlendissvæði. NAUST óskar eftir samvinnu við sveitarfélög á svæðinu og hvetur sveitarstjórnir í fjórðungnum til að vera fyrirmynd annarra sveitarfélaga á þessu sviði.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út leiðbeiningar um störf Almannaþingarnefnda. Skipulagsstofnun hefur gefið út hugmyndahefti: Skipulag og ferðamál og sent til sveitarfélaga.

2. **Drög að samkomulagi um lok samstarfssamnings um Hallormsstaðaskóla.** Samþykkt að hálfu sveitarstjórnar að ganga frá samkomulagi sem byggt verður á framlögðum drögum og oddvita falið að skrifa undir.

3. **Deiliskipulag Hengifoss,** bréf Skipulagsstofnunar dags. 25.11 2015. Í bréfi Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin hefur yfirfarið lagfærð gögn og gerir nú ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagins í B-deild Stjórnartíðinda, skv. 42. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010

4. **Bréf.**

- a) Afrit af bréfi Fljótsdalshéraðs til stjórnar Minjasafns Austurlands dags. 23.11. Kynnt. Varðar Safnahús.
- b) Afrit af bréfi Fljótsdalshéraðs til stjórnar Héraðsskjalasafns Austfirðinga dags. 23.11. Kynnt. Varðar Safnahús.
- c) Helgi Hallgrímsson dags. 06.11. Kynnt. Varðar Fljótsdælu, stefnt er að því að bókin komi út í september 2016.

- d) Steingrímur Steinþórsson/Skrudda, dags. 29.11. Uppkast að kostnaðaráætlun við útgáfu Fljótsdælu. Sveitarstjórn samþykkir að gerður verði samstarfssamningur við útgáfufélagið um útgáfuna. Stefnt á að drög að slíkum samningi liggi fyrir á næsta fundi.

5. Umhverfisstyrkir

- a) Hörður Guðmundsson, Víðivöllum ytri 1. Samþykktur hámarksstyrkur.

Þorvarður vék af fundi vegna vanhæfis og Lárus tók við fundarritun

- b) Þorvarður og Sólveig, Eyrarlandi. Samþykktur hámarksstyrkur.

- c) Jóhann Þórhallsson og Sigrún Ólafsdóttir Brekkugerði. Samþykktur hámarksstyrkur, oddvita falið að kalla eftir kostnaðaráætlun.

Þorvarður kom aftur til fundar og tók við fundarritun

- d) Þórhallur Þorsteinsson, Hóli. Sótt er um breytingu á samþykktum styrkumsókn fyrir 2014. Samþykkt.

Gunnþórunn vék af fundi.

- e) Friðrik I. Ingólfsson, Valþjófsstað 2. Samþykktur hámarksstyrkur.

Gunnþórunn kom aftur til fundar

6. Fjárbeiðnir

- a) N4, að austan 2016. Samþykkt að styrkja þáttargerðina um kr. 200.000- árið 2016.

- b) Rauði krossinn, jólasjóður 2015. Hafnað. Sveitarfélagið er aðili að Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs sem er aðili að sjóðnum.

- c) Snorraverkefnið 2016. Hafnað.

- d) ÚÍA. Óskað er eftir styrk á árinu 2016, til starfsemi ÚÍA, 200 kr. per íbúa. Gert er ráð fyrir framlagi til ÚÍA í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2016 .

Eiríkur vék af fundi.

- e) Sóknarnefnd Valþjófsstaðakirkju. Samþykkt að styrkja kaup á varmadælu fyrir kirkjuna ,um kr. 600.000, -, sem komi til greiðslu á árinu 2016.

Eiríkur kom aftur til fundar.

7. Fjárhagsleg málefni.

- a) Víðauki 1, við fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2015

Í ársreikningi Fljótsdalshrepps 2014 er fært hlutafjárloforð til Óbyggðarsafns kr. 5.000.000,-Sveitarstjórn tók á fundi 03.03 2015, ákvörðun um að breyta því hlutafjárloforði yfir í styrk. Styrkurinn færir undir menningarmál. Framlagið var bókfært sem eign 2014, munu því eignarhlutar í félögum Fljótsdalshrepps lækka úr kr 14.290.000 í kr. 9.290.000 á árinu 2015 og auka framlög til menningarmála um kr. 5.000.000. Sveitarstjórn samþykkir viðaukann.

- b) Afskrift

Sveitarstjórn samþykkir að færð verði úr bókum sveitarfélagsins, viðskiptakrafa að upphæð 18.574,- og kröfu lánadrottins að upphæð kr. 22.397,- verði mætt með styrkfærslu. Hvoru tveggja eru gamlar kröfur í bókhaldi.

c) Innri lán

Sveitarstjórn felur oddvita í samráði við endurskoðanda og bókhaldara sveitarfélagsins að gera tillögu að hvernig staðið verði að niðurfærslu innri lána sveitarfélagsins (bókhaldsleg lán) þ.e. milli sveitarsjóðs og eignasjóðs, en ljóst er að rekstur eignasjóðs mun ekki geta staðið undir þeim lánnum sem stofnuð hafa verið og að það fyrirkomulag sem viðhaft hefur verið með lánafyrirkomulag milli sjóða gengur ekki upp.

d) Eignastýring

Fallið hefur verið frá kröfu Fljótsdalshrepps á hendur LBI hf., vegna Peningabréfa Landsbankans ISK, en Eignastýring Landsbankans lýsti kröfunni á sínum tíma f. h. Fljótsdalshrepps og annarra viðskiptavina á grunni eignastýringarsamninga. Öll svipuð dómsmál sem dæmt hefur verið í hafa tapast og ekki ástæða til að ætla að krafa Fljótsdalshrepps fengi aðra niðurstöðu. Fljótsdalshreppur afskrifaði strax eftir hrun kröfuna í bókhaldi sínu, því er ekki þörf nú á bókhaldslegum aðgerðum

Georg Pálsson og Árni Óðinsson komu til fundar kl. 15.15.

8. Málafni Landsvirkjunar/Kárahnjúkavirkjun

Til umræðu voru, landgræðsluvæði, girðingar, vatnsbúskapur lóna 2015, aurskolun úr Ufsarlóni, vatnsmiðlun á farvegi Jökulsár og Kelduár, lífríki í Lagarfljóti og samstarfs LV við Veiðifélag Lagarfljóts, grjótnáma í Norðastafelli, bakkavarnir, efnamælingar í ám í kjölfar Holugoss, gsm samband á svæðinu o.fl.

Eftir að mál höfðu verið rædd í þaula, var fulltrúum LV þökkuð koman og yfirgáfu Georg og Árni fundinn um kl. 16.30.

9. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2016 og 2017-2019, síðari umræða.

Oddviti kynnti fjárhagsáætlun ársins 2016 og þriggja ára áætlun 2017-2019, meðfylgjandi greinagerð og drög að fjárfestingaáætlun fyrir árin 2017-2019.

Áætlanir ræddar, sú breyting gerð að hækka styrki undir menningarmál á árinu 2016, um kr. 1 millj. m.a. vegna samþykktra styrkumsókna á fundinum. Að því loknu bar oddviti fjárhagsáætlanir upp. Samþykktar samhljóða.

Samkvæmt áætlun fyrir árið 2016 er áætlað að rekstarafgangur verði 8,1 millj, afskriftir 27,2 millj, fjárfestingar 28 millj, fjámunatekjur/gjöld jákvæð um kr. 2,7 millj. Afb. langtímalána 400 þús, engin lántaka er fyrirhugað, framkvæmdir fjármagnaðar af eigin fé og áætlað að handbært fé í árslok 2016 verði um 141 millj.

Samkvæmt áætlun fyrir árin 2017-2019 er gert ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu á rekstri öll árin.

Framlögð fjárhagsáætlun ársins 2016 og þriggja ára áætlun 2017-2019 uppfylla skulda- og jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga.

Eina langtímalán sem hvílir nú á Fljótsdalshreppi er vegna 2ja félagslegra íbúða Fjóskambi 8, Hallormsstað. Rætt um að skoðað verði hvort hagstætt sé að greiða það lán upp, en einnig kom fram sjónarmið um að e.t.v ætti að selja íbúðirnar, þar sem þeirra er ekki lengur þörf í

tengslum við grunn-og leikskólarekstur á Hallormsstað. 2 íbúðir Fjósakambi 6 voru seldar leigjendum sl. haust. Grunnskólahúsnæði, íþróttahús og sundlaug hafa einnig verið seld.

10. Fundargerðir

- a) Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 19.11. Kynnt.
- b) Framkvæmdastjórn Skólaskrifstofu Austurlands 13.10. Kynnt.
- c) Stjórn Skólaskrifstofu Austurlands 06.11. Kynnt.
- d) Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands 06.11. Kynnt.
- e) ÆSA –klasinn 02.11 2015. Kynnt.
- f) Minjasafn Austurlands 14.09. Kynnt.
- g) Aðalfundur HAUST 28.10. Kynnt.

11. Önnur mál.

- a) Þjóðskrá hefur sent út tilkynningu er varðar íbúaskrá 1. desember. Skráningar og breytingar sem eiga hafa gildisdagsetningu 1.desember , verða að hafa borist eigi síðar en fimmtudag 10.desember.
- b) Ef ekki kemur til aukafundar, verður næsti fundur sveitarstjórnar þriðjudaginn 5. janúar 2016

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.20.

Þorvarður og Lárus rituðu fundargerði í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnmarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)